# Föstudagur 19. maí

## SJÓNVARPIÐ

17.50 **Gosi (21).** (Pinocchio). Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þráinsdóttir. Leikraddir Örn Árnason.
18.15 **Litli sægarpurinn.** (Jack Holborn). Fyrsti þáttur. Nýsjálenskur myndaflokkur í tólf þáttum. Aðalhlutverk Monte Markham, Terence Cooper, Matthias Habich og Patrick Bach. Jack Holborn er munaðarlaus piltur sem strýkur að heiman og felur sig í skipi er liggur við festar í höfninni. Þegar út á rúmsjó er komið kemst hann að raun um að þetta er sjóræningjaskip. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
18.45 **Táknmálsfréttir.**
18.50 **Magni mús.** Bandarísk teiknimynd. Þýðandi Gauti Kristmannsson.
19.05 **Ærslabelgir.** (Comedy Capers – Union Station). Á brautarstöð. Stutt mynd frá tímum þöglu myndanna.
19.20 **Benny Hill.** Breskur gamanmyndaflokkur með hinum óviðjafnanlega Benny Hill og félögum. Þýðandi Stefán Jökulsson.
19.54 **Tommi og Jenni.**
20.00 **Fréttir og veður.**
20.30 **Fiðringur.** Hvað verður um okkur? Þáttur fyrir ungt fólk í umsjón Bryndísar Jónsdóttur.
21.05 **Derrick.** Þýskur sakamálaflokkur með Derrick lögregluforingja sem Horst Tappert leikur. Þýðandi Kristrún Þórðardóttir.
22.10 **Smáþjóðaleikarnir á Kípur.**
22.30 **Fallvölt frægð.** (The Harder They Come). Jamaísk bíómynd frá 1973. Leikstjóri Perry Henzell. Aðalhlutverk Jimmy Cliff, Carl Bradshaw, Janet Bartley og Bobby Charlton. Reggaesöngvari heldur til stórborgarinnar í leit að frægð og frama. Hann á erfitt uppdráttar og frægðin lætur á sér standa. Í myndinni eru flutt mörg vinsæl reggaelög eftir Jimmy Cliff og fleiri. Þýðandi Reynir Harðarson.
00.10 **Útvarpsfréttir í dagskrárlok.**

## STÖÐ 2

16.45 **Santa Barbara.**
17.30 **Feðgar í klípu.** So Fine. Gamanmynd um prófessor sem rænt er af glæpamanni sem vonast til að fá aðstoð hans við að bæta fyrirtæki sitt. Eiginkona glæpamannsins gleðst einnig yfir komu prófessorsins því hún telur að hann muni fylla skarð eiginmannsins. Aðalhlutverk: Ryan O'Neal, Jack Warden og Mariangela Melato.
19.00 **Myndrokk.**
19.19 **19:19.** Fréttir og fréttatengt efni ásamt veður- og íþróttafréttum.
20.00 **Teiknimynd.** Létt og smellin teiknimynd fyrir alla aldurshópa.
20.10 **Ljáðu mér eyra.** Umsjón: Pia Hansson
20.40 **Bernskubrek.** The Wonder Years. Gamanmyndaflokkur fyrir alla fjölskylduna. Aðalhlutverk: Fred Savage, Danica McKellar o.fl.
21.10 **Syndin og sakleysið.** Shattered Innocence. Myndin er lauslega byggð á ævisögu klámdrottningarinnar Shauna Grant. Unglingsstúlkan Pauleen hefur hlaupist að heiman. Í einfeldni sinni dreymir hana um frægð og frama en ratar þess í stað inn á brautir kláms og eiturlyfja. Aðalhlutverk: Melinda Dillon, Jonna Lee, John Plesshette, Dennis Howard og Nadine van der Velde. Alls ekki við hæfi barna.
22.50 **Bjartasta vonin.** The New Statesman. Breskur gamanmyndaflokkur um ungan og efnilegan þingmann.
23.15 **Einn á móti öllum.** Only the Valiant. Sígildur, svart/hvítur vestri með glæsimenninu Gregory Peck í hutverki Lance herforingja. Hann sætir harðri gagnrýni hermanna sinna þegar einn í röðum þeirra fellur í bardaga við indíána. Þeir saka herforingjann um að hafa vísvitandi sent hermanninn út í opinn dauðann. Ekki við hæfi barna.
1.00 **Furðusögur II** Amazing Stories II. Þrjár spennandi sögur með gamansömu ívafi úr furðusagnabanka meistarans Spielbergs. Aðalhlutverk: Lukas Haas, Gregory Hines, Danny DeVito o.fl. Alls ekki við hæfi barna.
2.20 **Dagskrárlok.**

## Rás I
FM 92,4/93,5

6.45 **Veðurfregnir.** Bæn, séra Ingólfur Guðmundsson flytur.
7.00 **Fréttir.**
7.03 **Í morgunsárið með Sólveigu Thorarensen.** Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfregnir kl. 8.15. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
9.00 **Fréttir.**
9.03 **Litli barnatíminn:** „Á Skipalóni" eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les fimmta lestur. (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
9.20 **Morgunleikfimi.** Umsjón: Halldóra Björnsdóttir.
9.30 **Kviksjá** – Söngvar Svantes. Síðari þáttur. Umsjón: Pétur Már Ólafsson. (Endurtekinn þáttur frá þriðjudagskvöldi.)
10.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
10.10 **Veðurfregnir.**
10.30 **Maðurinn á bak við bæjarfulltrúann.** Umsjón: Erna Indriðadóttir. (Frá Akureyri)
11.00 **Fréttir.**
11.03 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
11.53 **Dagskrá.**
12.00 **Fréttayfirlit.** Tilkynningar.
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Veðurfregnir.** Tilkynningar.
13.05 **Í dagsins önn** – Biðraðir. Umsjón: Sigríður Pétursdóttir.
13.35 **Miðdegissagan:** „Brotið úr töfraspeglinum" eftir Sigrid Undset. Arnheiður Sigurðardóttir þýddi. Þórunn Magnea Magnúsdóttir les (17.)
14.00 **Fréttir.** Tilkynningar.
14.05 **Ljúflingslög.** Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað aðfaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
15.00 **Fréttir.**
15.03 **„Vísindi efla alla dáð".** Umsjón: Einar Kristjánsson. (Endurtekinn þáttur frá miðvikudagskvöldi.)
16.00 **Fréttir.**
16.03 **Dagbókin.** Dagskrá.
16.15 **Veðurfregnir.**
16.20 **Barnaútvarpið.** Létt grín og gaman. Tónlistargetraun og fleira. Umsjón: Kristín Helgadóttir.
17.00 **Fréttir.**
17.03 **Tónlist á síðdegi** – Rossini, Lortzing og Halvorsen.
18.00 **Fréttir.**
18.03 **Tónlist.** Tilkynningar.
18.45 **Veðurfregnir.**
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.30 **Tilkynningar.**
19.33 **Kviksjá.** Umsjón: Friðrik Rafnsson og Þorgeir Ólafsson.
20.00 **Litli barnatíminn:** „Á Skipalóni" eftir Jón Sveinsson. Fjalar Sigurðarson les fimmta lestur. (Endurtekinn frá morgni.)
20.15 **Hljómplöturabb** Þorsteins Hannessonar.
21.00 **Norðlensk vaka.** Fjórði þáttur af sex um menningu í dreifðum byggðum á Norðurlandi og það sem menn gera sér þar til skemmtunar á eigin vegum. Umsjón: Haukur Ágústsson.
22.00 **Fréttir.** Dagskrá morgundagsins. Orð kvöldsins.
22.15 **Veðurfregnir.**
22.20 **Danslög.**
23.00 **Í kvöldkyrru.** Þáttur í umsjá Jónasar Jónassonar, í þættinum ræðir hann við Valgerði Tryggvadóttur í Laufási.
24.00 **Fréttir.**
00.10 **Samhljómur.** Umsjón: Anna Ingólfsdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
1.00 **Veðurfregnir.** Næturútvarp á samtengdum rásum til morguns.

## Rás 2
FM 90,1

1.10 **Vökulögin.**
7.03 **Morgunútvarpið.** Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum, spyrja tíðinda víða um land, tala við fólk í fréttum og fjalla um málefni líðandi stundar. Jón Örn Marinósson segir Ódáinsvallasögur kl. 7.45. Fréttir kl. 8.00, veðurfregnir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
9.03 **Stúlkan sem bræðir íshjörtun,** Eva Ásrún kl. 9. Morgunsyrpa Evu Ásrúnar Albertsdóttur. – Afmæliskveðjur kl. 10.30.
11.03 **Stefnumót.** Jóhanna Harðardóttir tekur fyrir það sem neytendur varðar á hvassan og gamansaman hátt.
12.00 **Fréttayfirlit.** Auglýsingar.
12.15 **Heimsblöðin.**
12.20 **Hádegisfréttir.**
12.45 **Umhverfis landið á áttatíu.** Gestur Einar Jónasson leikur þrautreynda gullaldartónlist og gefur gaum að smáblómum í mannlífsreitnum.
14.05 **Milli mála,** Óskar Páll á útkíkki og leikur ný og fín lög. – Útkíkkið upp úr kl. 14 og Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjarallandi.
16.03 **Dagskrá.** Dægurmálaútvarp fyrir þá sem vilja vita og vera með. Stefán Jón Hafstein, Ævar Kjartansson, Sigríður Einarsdóttir og Guðrún Gunnarsdóttir. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00, hlustendaþjónustan kl. 16.45. – Stórmál dagsins milli kl. 17 og 18.
18.03 **Þjóðarsálin.** Þjóðfundur í beinni útsendingu. Málin eins og þau horfa við landslýð. Sími þjóðarsálarinnar er 91 38500. – Hugmyndir um helgarmatinn og Ódáinsvallasögur eftir kl. 18.30.
19.00 **Kvöldfréttir.**
19.33 **Áfram Ísland.** Dægurlög með íslenskum flytjendum.
20.30 **Vinsældalisti Rásar 2.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir kynnir tíu vinsælustu lögin. (Einnig útvarpað á sunnudag kl. 15.00.)
21.30 **Kvöldtónar.**
22.07 **Snúningur.** Áslaug Dóra Eyjólfsdóttir ber kveðjur milli hlustenda og leikur óskalög.
2.05 **Rokk og nýbylgja.** Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn þáttur frá mánudagskvöldi.)
3.00 **Vökulögin.** Tónlist af ýmsu tagi í næturútvarpi til morguns. Fréttir kl. 4.00 og sagðar fréttir af veðri, færð og flugsamgöngum kl. 5.00 og 6.00. Veðurfregnir frá Veðurstofu kl. 4.30. Fréttir kl. 2.00, 4.00, 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.
8.07 – 8.30 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Norðurlands.**
18.03 – 19.00 **Svæðisútvarp Austurlands.**

## FM 98,9 BYLGJAN

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Valdís Gunnarsdóttir.** Valdís er með hlutina á hreinu og leikur góða blöndu af þægilegri og skemmtilegri tónlist eins og henni einni er lagið.
14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson.** Óskalögin, kveðjurnar, nýjustu lögin, gömlu góðu lögin, allt á sínum stað. Bjarni Ólafur stendur alltaf fyrir sínu.
18.10 **Reykjavík síðdegis. Hvað finnst þér?** Hvað er efst á baugi? Þú getur tekið þátt í umræðunni og lagt þitt til málanna í síma 61 11 11. Þáttur sem dregur ekkert undan og menn koma til dyranna eins og þeir eru klæddir þá stundina. 19.00 - **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynnt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturdagskrá.**
**Fréttir á Bylgjunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Stjarnan
FM 102,2 & 104

7.00 **Þorgeir Ástvaldsson og Páll Þorsteinsson** með morgunþátt fullan af fróðleik, fréttum og ýmsum gagnlegum upplýsingum fyrir hlustendur, í bland við góða morguntónlist.
10.00 **Jón Axel Ólafsson.** Leikir, tónlist og ýmislegt létt sprell með hlustendum. Jón Axel leikur nýjustu lögin og kemur kveðjum og óskalögum hlustenda til skila.
14.00 **Gunnlaugur Helgason.** Leikur hressa og skemmtilega tónlist við vinnuna. Gunnlaugur tekur hress viðtöl við hlustendur, leikur kveðjur og óskalög í bland við ýmsan fróðleik.
18.10 **Íslenskir tónar.** Þessi geysivinsæli dagskrárliður hefur verið endurvakinn vegna fjölda áskorana. Gömul og góð íslensk lög leikin ókynnt í eina klukkustund.
19.00 **Freymóður T. Sigurðsson.** Meiri tónlist – minna mas.
20.00 **Ólafur Már Björnsson.** Kynt undir helgarstemningunni í vikulokin.
22.00 **Haraldur Gíslason.** Harðsnúni Halli kann „helgartökin" á tónlistinni. Óskalög og kveðjur í símum 68 19 00 og 61 11 11.
2.00 **Næturstjörnur.**
**Fréttir á Stjörnunni kl. 8.00, 10.00, 12.00, 14.00, 16.00 og 18.00. Fréttayfirlit kl. 9.00, 11.00, 13.00, 15.00 og 17.00.**

## Rót Útvarp
FM 106,8

09.00 **Rótartónar.**
11.00 **Við við viðtækið.** Tónlistarþáttur. E.
13.00 **Geðsveiflan.** Tónlistarþáttur í umsjá Hilmars V. Guðmundssonar og Alfreðs Jóhannssonar.
15.00 **Dýpið.** Tónlistarþáttur í umsjá Eyþórs Hilmarssonar og Ellerts Þórs Jóhannssonar.
16.30 **Frá verkfallsvakt BHMR.** Þessi þáttur verður meðan verkfallið stendur.
17.00 **Í hreinskilni sagt. Pétur Guðjónsson.**
**18.00 Á föstudegi með Gretari Miller.**
19.00 **Opið.** Reynir Smári.
20.00 **Fés.** Unglingaþáttur í umsjá Gullu.
21.00 **Gott bít.** Tónlistarþáttur með Kidda kanínu og Þorsteini Högna.
23.30 **Rótardraugar.** Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
2.00 **Næturvakt** til morguns með Jónu de Groot. Svarað í síma 623666.

## ÚTRÁS
FM 104,8

12.00 **IR.**
14.00 **IR.**
16.00 **MH.**
18.00 **FÁ.**
20.00 **MS.**
22.00 **MR.**
24.00 **Næturvakt Útrásar.** Óskalög, kveðjur og góð tónlist. Sími 680288.
04.00 **Dagskrárlok.**

## ALFA
FM·102,9

17.00 **Orð trúarinnar.** Blandaður þáttur með tónlist, u.þ.b. hálftíma kennslu úr Orðinu og e.t.v. spjalli eða viðtölum. Umsjón: Halldór Lárusson og Jón Þór Eyjólfsson. (Endurtekið á mánudagskvöldum.)
19.00 **Blessandi boðskapur í margvíslegum tónum.**
24.00 **Dagskrárlok.**

## SKY CHANNEL

4.30 **Viðskiptaþáttur.**
5.05 **Denni dæmalausi.**
5.30 **The Lucy Show.**
8.00 **Poppþáttur.**
9.00 **The Sullivans.** Framhaldsþáttur.
9.30 **Sky by Day.** Fréttaþáttur.
10.30 **A Proplem Shared.** Fræðsluþáttur.
11.00 **Another World.** Sápuópera.
12.00 **General Hospital.** Sakamálaþáttur.
13.00 **As the Worlds Turns.** Sápuópera.
14.00 **Loving.**
14.30 **Family Affair.** Gamanþáttur.
15.00 **Poppþáttur.**
16.00 **The Young Doctors.**
16.30 **Three's Is a Company.** Gamanþáttur.
17.00 **Sky Star Search.** Skemmtiþáttur.
18.00 **Sale Of The Century.**
18.30 **Bring 'Em Back Alive.**
17.30 **Kvikmynd.**
21.30 **Jameson Tonight.**
22.30 **Police Story.**

## EUROSPORT

16.00 **Íróttakynning Eurosport.**
17.00 **Fimleikar.** Alþjóðlegt mót í París.
18.00 **Tennis.** Italian Men's Open í Róm.
20.00 **Hornabolti.** Leikur í amerísku deildinni.
22.00 **Golf.** Belgian Open.
23.00 **Íþróttakynning Eurosport.**



Gregory Peck leikur kaftein sem ásakaður er fyrir að hafa sent keppinaut sinn í opinn dauðann.

### Stöð 2 kl. 23.15:

# Einn á móti öllum

Þeir eru margir sem telja vestra einu sönnu kvikmyndirnar. Þeir hinir sömu ættu að setjast fyrir framan skjáinn í kvöld því boðið er upp á einn gamlan og góðan vestra með Gregory Peck í aðalhlutverki. Nefnist myndin Einn á móti öllum (Only The Valiant) og er frá árinu 1951. Henni er leikstýrt af Gordon Douglas sem á sínum leikstjórnarferli leikstýrði mörgum vestrum.

Peck leikur kaftein Richard Lance sem sendir Holloway, aðalkeppinaut sinn um ástir ungrar konu, Cathy Eversham að nafni, í hættulega sendiför. Þegar Holloway er drepinn í orrustu við indíána er Lance kennt um að hafa viljandi sent Holloway svo hann yrði ekki fyrir honum í samkeppninni um Eversham. Hörðust í ásökunum á hendur honum er Cathy Eversham.

Þegar hætta er á að herinn tapi fyrir indíánum býður Lance sig fram til að fara fyrir mönnum í hættulegan leiðangur. Í fyrstu eru menn hans ekki ýkja hrifnir af að hafa hann sem yfirmann, en Lance sýnir hugrekki og þor. Smátt og smátt fara menn hans að bera virðingu fyrir honum.

Ásamt Gregory Peck leika stór hlutverk í myndinni Barbara Payton, Gig Young og Ward Bond.

-HK

### Rás 1 kl. 23.00:

# Í kvöldkyrru

Í kvöldkyrru Jónasar Jónassonar í kvöld verður gestur hans Valgerður Tryggvadóttir og ræðir hann við hana um lífsferil hennar.

Jónas Jónasson hefur í vetur tekið á móti einum gesti á hverju föstudagskvöldi og er þáttur hans Í kvöldkyrru vinsæll og hefur mikla hlustun enda á Jónas sérstaklega auðvelt með að fá fólk til að tjá sig.

Valgerður Tryggvadóttir er húsfreyja í Laufási við Laufásveg. Hún er dóttir Tryggva Þórhallssonar, sem varð forsætisráðherra Íslands 1927, og Önnu Guðrúnar Klemensdóttur. Valgerður vann um árabil hjá Ríkisútvarpinu en var skrifstofustjóri Þjóðleikhússins frá 1951.

-HK

### Sjónvarp kl. 22.30:

# Fallvölt frægð

Kvikmyndir frá Jamaica eru sjaldséðar enda er kvikmyndagerð ekki mikil þar. Í Sjónvarpinu í kvöld er ágætt tækifæri til að kynnast því besta sem komið hefur frá Jamaíka. Fallvölt frægð (The Harder They Come), sem gerð er 1973, hefur með árunum eignast fastan aðadáendahóp og er í Bandaríkjunum sýnd víða í litlum sölum.

Aðalhlutverkið leikur reggaesöngvarinn Jimmy Cliff og að sjálfsögðu er fjallar myndin að miklu leyti um reggae tónlistina, þá tónlistarstefnu sem alltaf tengist Jamaíka.

Cliff leikur ungan söngvara sem kemur til Kingston í von um frægð og frama. Hann á erfitt uppdráttar og eftir að hafa þvælst um stræti borgarinnar gerist hann aðstoðarmaður hjá presti einum. Eftir að hafa lent í slagsmálum fer hann í fyrsta skipti í fangelsi. Þegar hann losnar þaðan fær hann tækifæri til að syngja inn á plötu en er svikinn um útgáfu og þá liggur leiðin aðeins niður á við.

Fallvölt frægð þykir raunsæ lýsing á lífi innlendra íbúa Jamaíka og þeim erfiðleikum sem ungir tónlistarmenn geta lent í.

-HK